

Reykjavík 16. mars 2018

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6400
Fax 540 6401
hjukrun@hjukrun.is
www.hjukrun.is

Velferðarnefnd Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur Þingskjal 281 – 202. mál

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) og Fagdeild lungnahjúkrunarfræðinga innan Fíh telja að halda skuli áfram að tala um rafsígarettur til að undirstrika tengslin við sígarettur bæði hvað varðar innihaldsefnið nikótín og hvernig þess er neytt þ.e. sogið ofan í lungu og reyknum blásið út líkt og gert þegar sígarettur eru reyktar. Einnig vísað til þess að verið sé að nota þennan búnað í stað sígarettu til að aðstoða fólk við að hætta að reykja. Þá má benda á að í Danmörku er heiti þessarar búnaðar „Electronic cigarette“ þ.e. rafsígarettur. Óþarfi er að búa til vægara orð yfir þennan búnað.

Fíh telur að sömu lög og reglur eigi að gilda um neyslu, sölu, markaðssetningu og aðgengi rafsígarettu eins og gilda um annað tóbak. Með því móti er hægt að hafa heildstæðar og skýrar reglur varðandi rafsígarettur þar sem lögð er áhersla á forvarnir og eftirlit með sölu, markaðssetningu, aðgengi og hvar megi og megi ekki nota þær.

Fíh telur sérstaklega mikilvægt að koma í veg fyrir að börn og unglingar byrji að nota rafsígarettur sem í framhaldinu geti leitt til sígarettureykinga. Því ætti fyrsta stigs forvarnir að vera forgangsmatið varðandi löggjöf um rafsígarettur. Mikilvægt er að missa ekki niður þann einstaka árangur sem náðst hefur gegn reykingum ungmenna hér á landi.

F.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Fagdeildar lungnahjúkrunarfræðinga



Guðbjörg Pálsdóttir formaður
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga